

Menntaráð

Mál nr. 2024080404



Farsæld og fjölbreytileiki

Endurmenntunarráðstefna skrifstofu menntasviðs

13. ágúst í Hljómahöll

Reykjanesbær

Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS



MEÐ OPNUM HUG
OG GLEÐI Í HJARTA

Farsæld og fjölbreytileiki

Endurmenntunarráðstefna skrifstofu menntasviðs 13. ágúst 2024 í Hljómahöll



D
A
G
S
K
R
Á

09:00



Setning ráðstefnunnar

Helgi Arnarson fræðslustjóri

09:10



Allt er breytingum háð

Hrefna Hugosdóttir

10:10



Menntaumuræða

Kaffi og kleinur

10:40



Út fyrir þægindarammann með forvitni og sköpun

Hildur Arna Hákansson

11:20



Týndu börnin – Okkar heimur

Sigríður Gísladóttir og Þórunn Edda Sigurjónsdóttir

12:00



Menntaumuræða

Ráðstefnulok og léttar veitingar í Rokksafninu



ALLIR MED



MÉR LÍÐUR VEL



OPNUM HUGANN



VIÐ OG JÖRDIN



SKÖPUNARGLEÐI

A large audience is seated in a modern auditorium. The audience is diverse in age and appearance, all looking towards the front of the room. The seating is arranged in rows, with a balcony level visible in the upper right. The walls are dark with large, illuminated rectangular panels. The text "Um 350 sóttu ráðstefnuna" is overlaid in blue on a light-colored horizontal band.

Um 350 sóttu ráðstefnuna

Breytingar

Hrefna Hugosdóttir,
Hjúkrunar- og fjölskyldufræðingur
MA Alþjóðasamskipti
Sérfræðingur í vinnuvernd


Í fyrsta erindi dagsins sem bar heitið *Allt er breytingum háð* fjallaði Hrefna Hugosdóttir, hjúkrunarfræðingur og sérfræðingur í vinnuvernd, um áhrif breytinga, streitukerfið og gaf starfsfólki grunnskóla ráð til að takast á við breytingar og streitu.

Í öðru erindinu sem bar heitið
Út fyrir þægindarammann
með forvitni og sköpun
kynnti Hildur Arna, kennari
leiðir til að ýta undir forvitni,
áhuga og sköpun nemenda
með fjölbreyttum leiðum.





Í síðasta erindi dagsins sögðu þær Sigríður Gísladóttir, stofnandi og framkvæmdarstjóri stuðningsúrræðisins **OKKAR HEIMUR** og Þórunn Edda, félagsráðgjafi hvað rannsóknir segja okkur um verndandi þætti, birtingarmyndir og leiðir til að styðja við börn sem eiga foreldra sem glíma við geðræn veikindi.



Endurmenntunarráðstefnan er liður í því að **styðja kennara** í því að ígrunda starf sitt, opna augu þeirra fyrir nýjum leiðum og bæta við þekkingu þeirra með það að markmiði að *ná sem bestum árangri fyrir nemendur og samfélagið allt*. Lögð er áhersla á að kennarar séu ekki einungis í því hlutverki að vera þiggjendur þekkingar og fræðslu heldur virkir þátttakendur í að miðla og deila sinni reynslu og þekkingu í anda menntasamfélagsins.



Ráðstefnunni *Farsæld og fjölbreytileiki* er einnig ætlað að **styðja við menntastefnu Reykjanesbæjar** ásamt því að DRAGA FRAM ÞÆR ÁSKORANIR sem mæta kennurum í okkar síbreytilega samfélagi og að **benda á leiðir** sem eru vænlegar til þess að mæta þeim áskorunum.

